

Fimmtudaginn 28. apríl 1994.

Nr. 169/1990.

Þuríður J. Sörensen
Guðrún S. Jónsdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Halldór Ó. Jónsson
Gunnlaugur J. Briem
Steindór J. Briem
Soffía S. Briem
Sveinn Skúlason
Gunnlaugur Skúlason
Páll Skúlason
Gunnlaugur P. Steindórsson
Anna Soffía Steindórsdóttir
Sigurður Ingason
Gunnlaugur J. Ingason
Sigurjón Á. Ingason
Soffía Ingadóttir
Helga Guðmundsdóttir
Eiríkur Karlsson
Guðmundur Viðar Karlsson og
Gunnar Þorsteinsson
 (Árni Grétar Finnsson hrl.)
 gegn
Agli Marteinsyni og
Jórunni Jónsdóttur
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Veiðiréttur. Samningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1990. Þeir krefjast þess, að staðfest verði lögbann, sem 6. júní 1989 var lagt við veiði af hálfu stefndu í Hvítá fyrir landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu, meðal annars fram undan landspildu

stefndu úr landi Gíslastaða 600 metra meðfram Hvítá samkvæmt afsali 29. maí 1974. Þá krefjast áfrýjendur þess, að viðurkennt verði með dómi Hæstaréttar, að allur veiðiréttur í Hvítá á milli suður- og norðurmerkja Gíslastaða tilheyri jörðinni einni og að eigendur jarðarinnar hafi umferðarrétt um land stefndu til að nýta veiðiréttinn fyrir því landi. Enn fremur krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum.

Eftir áfrýjun málsins til Hæstaréttar hafa tveir áfrýjenda látist, og er skiptum í dánarbúum þeirra lokið. Karl J. Eiríks lést 9. september 1990. Tekur ekkja hans, Helga Guðmundsdóttir, við aðild hans að málinu. Þórður Jónsson lést 7. maí 1991. Erfingjar voru systkini hans og hálsystkini, sem öll eru fyrir aðilar máls þessa, svo og bróðursonur hans, Gunnar Þorsteinsson, og synir hálfbróður hans, Karls J. Eiríks, þeir Eiríkur Karlsson og Guðmundur Viðar Karlsson. Samkvæmt því verða Gunnar, Eiríkur og Guðmundur Viðar nýir aðilar að málinu.

Halldór Gunnlaugsson, fæddur 1892, bóndi á Kiðjabergi og hreppstjóri Grímsneshrepps, var eigandi jarðanna Kiðjabergs, Hests og Gíslastaða í Grímsnesi, en lönd þessara jarða liggja saman. Með afsali 29. maí 1974 afsalaði hann bróðurdóttur sinni, stefndu Jórunni Jónsdóttur, og eiginmanni hennar, stefnda Agli Marteinsyni, landspildu þeirri, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Afsalinu fylgdi uppdráttur, þar sem landspildan er afmörkuð. Hvoru tveggja skjalinu var þinglýst samdægurs. Eftir lát Halldórs féllu nefndar jarðir í arf til skyldmenna hans, en hann var ókvæntur og barnlaus. Eru erfingjarnir sóknaraðilar málsins.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því einu, hvort stefndu eigi veiðirétt fyrir umræddu landi, en ekki að umfangi þess réttar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að matsgerð sú, er áfrýjendur hafa aðallega byggt á kröfur sínar í málinu, verði eigi lögð til grundvallar dómi í því, þar sem eigi var á valdi hinna dómkvöddu matsmanna að leiða til lykta ágreining aðila, sem lýtur að eignarréttindum.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, en þeim er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi, var ekkert í lögum, sem stóð því í vegi,

að umrætt afsal hefði lagagildi, að því er tók til veiðiréttar fyrir landi því, sem stefndu var afsalað. Er það og í samræmi við hina fornu reglu í íslenskum rétti, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir landareign sinni. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu sameiginlega 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Þuríður J. Sörensen, Guðrún S. Jónsdóttir, Bryndís Jónsdóttir, Halldór Ó. Jónsson, Gunnlaugur J. Briem, Steindór J. Briem, Soffía S. Briem, Sveinn Skúlason, Gunnlaugur Skúlason, Páll Skúlason, Gunnlaugur P. Steindórsson, Anna Soffía Steindórsdóttir, Sigurður Ingason, Gunnlaugur J. Ingason, Sigurjón Á. Ingason, Soffía Ingadóttir, Helga Guðmundsdóttir, Eiríkur Karlsson, Guðmundur Viðar Karlsson og Gunnar Þorsteinsson, greiði in solidum stefndu, Agli Marteinssyni og Jórunni Jónsdóttur, sameiginlega 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Matsmenn þeir, er áfrýjendur létu dómkveðja samkvæmt XV. kafla laxveiðilaga nr. 76/1970, áttu ekki lögsögu um ágreining málsaðila, eins og hann var lagður fyrir, hvorki samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 94. gr. laganna né skírskotun 2. mgr. sömu greinar. Verða dómkröfur áfrýjenda ekki teknar til greina á grundvelli hinnar fram lögðu matsgerðar.

Í máli þessu nýtur ekki tæmandi upplýsinga um jörðina Gíslastaði í Grímsnesi, landkosti hennar og hlunnindi, en ljóst er, að henni fylgdu veiðiréttindi í Hvítá, meðan hún var í eigu Halldórs Gunn-

laugssonar, og mörkuðust þau af ákvæðum laxveiðilaga og reglum á grundvelli þeirra. Eftir andlát Halldórs 4. apríl 1984 hafa áfrýjendur orðið eigendur að jörðinni fyrir arftöku, og takmarkast umráð þeirra yfir veiðiréttindum hennar ekki af öðru en því, er leiða megí af afsali Halldórs til stefndu 29. maí 1974 á landspildu við bakka Hvítár og veiðirétti í ánni, er lýst var í afsalinu. Í máli þessu hafa stefndu ekki lagt viðhlítandi grundvöll að úrlausn um það, hvað í afsalinu felist, að því er veiðirétt varðar, enda kveðast þau hér ekki vera að leita viðurkenningar á meintum rétti sínum, heldur að verjast kröfum áfrýjenda. Meðal annars verður ekki úr því skorið, hvort landspilda þeirra nái að teljast hluti jarðarinnar, er njóta megí veiðiréttar á grundvelli 2. mgr. 4. gr. laxveiðilaga um landareignir í skiptri sameign, né hver sá veiðiréttur yrði. Eftir orðum afsalsins liggur næst að líta svo á, að stefndu hafi átt að fá tiltekna hlutdeild í stangveiðiréttindum jarðarinnar, er þannig hafi verið skilin við jörðina í þeirri merkingu, sem um ræðir í 4. mgr. 2. gr. laxveiðilaga. Hafa stefndu ekki sýnt fram á, eins og málið liggur fyrir, að umfang veiðiréttar þeirra sé annað en það, er byggja megí á þessu ákvæði laganna, en samkvæmt því var frjálst að framselja stangveiðirétt tímabundið um allt að 10 ár. Á hinn bóginn hafa áfrýjendur ekki sýnt fram á, að réttur þessa efnis til handa stefndu hafi átt að falla niður sjálfkrafa að liðnum 10 árum frá gerð afsalsins. Miðað við fram komnar upplýsingar um aðdraganda afsalsins og atvik að öðru leyti verður að ætla, að stefndu hafi átt réttmætt tilkall til þess, að látið yrði á það reyna, hvort þeim mætti tryggja lengri umráð stangveiðiréttar á jörðinni með þeim úrræðum, sem um er mælt í ákvæðinu, þ.e. einkum með leyfi ráðherra. Séu áfrýjendur ennþá við þetta bundin á sama hátt og Halldór hefði verið.

Samkvæmt þessu á niðurstaða málsins að verða á þá leið, að synja að verði um staðfestingu hins umdeilda lögbanns og stefndu sýknuð að svo stöddu af kröfu áfrýjenda um viðurkenningu réttinda. Tekur það einnig til umferðarréttar um landspildu stefndu, sem er ekki sjálfstæður þáttur kröfunnar. Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 9. apríl 1990.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f.m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 12. júní 1989.

Stefnendur eru Púriður J. Sörensen, kt. 140513-4669, Seldal við Hlíðarveg, Kópavogi, Guðrún S. Jónsdóttir, kt. 040918-4699, Hjallavegi 35, Reykjavík, Bryndís Jónsdóttir, kt. 111027-2269, Selbraut 17, Seltjarnarnesi, Halldór Ó. Jónsson, kt. 260919-4829, Hlíðarvegi 19, Kópavogi, Karl J. Eiríksson, kt. 150720-2739, Rjúpufelli 17, Reykjavík, Þórður Jónsson, kt. 060824-4449, Hverahlíð 17, Hveragerði, Gunnlaugur J. Briem, kt. 270917-4299, Hvassaleiti 56, Reykjavík, Steindór J. Briem, kt. 281119-4359, Unufelli 27, Reykjavík, Soffía S. Briem, kt. 230921-2619, Lönguhlíð 9, Reykjavík, Sveinn Skúlason, kt. 060727-3689, Bræðratungu, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu, Gunnlaugur Skúlason, kt. 100633-3889, Brekkugerði, Biskupstungnahreppi, Páll Skúlason, kt. 300740-2199, Sólvallagötu 41, Reykjavík, Gunnlaugur P. Steindórsson, kt. 211025-3699, Bólstaðarhlíð 54, Reykjavík, Anna Soffía Steindórsdóttir, kt. 040123-4319, Snekkjuvogi 9, Reykjavík, Sigurður Ingason, kt. 250920-2889, Safamýri 23, Reykjavík, Gunnlaugur J. Ingason, kt. 200324-4989, Klettahrauni 3, Hafnarfirði, Sigurjón Á. Ingason, kt. 280527-2709, Grettisgötu 96, Reykjavík, og Soffía Ingadóttir, kt. 060532-7299, Álfabrekku 13, Kópavogi.

Stefndu eru Egill Marteinson, kt. 130832-3269, og Jórunn Jónsdóttir, kt. 110531-4279, bæði til heimilis að Háaleitisbraut 137, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að staðfest verði lögbann, sem þann 6. júní 1989 var lagt við veiði af hálfu stefndu í Hvítá fyrir landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnassýslu, þar á meðal fyrir landi sem stefndu eiga að Gíslastöðum samkvæmt afsali, dags. 29. maí 1974, að lengd 600 metrar meðfram Hvítá. Þess er enn fremur krafist, að viðurkennt verði með dómi, að allur veiðiréttur í Hvítá á milli suður- og norðurmerkja Gíslastaða tilheyri jörðinni einni og að eigendur jarðarinnar hafi umferðarrétt um land stefndu til að nýta veiðiréttinn fyrir því landi. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu, þar á meðal málskostnaðar í undangengnu lögbannsmáli, að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þeirrar skyldu stefnenda að greiða virðisaukaskatt af keyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði alsýknuð af kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað að mati

dómsins. Við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þeirrar skyldu stefndu að greiða virðisaukaskatt af keyptri lögmannspjónustu.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilaskýrslur fyrir dómi Gunnlaugur J. Ingason, Gunnlaugur P. Steindórsson, Sveinn Skúlason og Egill Marteinson.

II.

Með afsalsbréfi, dagsettu 29. maí 1974, eignuðust stefndu, Egill Marteinson og Jörunn Jónsdóttir, spildu úr landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu. Afsalsgjafi var Halldór Gunnlaugsson. Í afsalinu segir m.a.: „Stærð hins selda er 600 metra löng spilda meðfram Hvítá, og er breidd landsins að meðaltali 140 metrar og afmarkast breiddin af ánni að austanverðu . . .“ Þá er í afsali þessu svofellt ákvæði: „Veiðiréttur í Hvítá fylgir hinum selda jarðarhluta, sem nemur hálfri stöng, sem eru samkvæmt núgildandi veiðilögum og reglum 46 heilir stangveiðidagar fyrir eina stöng.“

Halldór Gunnlaugsson lést árið 1984 og féllu Gíslastaðir þá í hlut stefnenda og stefndu, Jörunnar Jónsdóttur. Fram kemur í gögnum málsins, að ágreiningur hafi fljótlega risið með málsaðilum um framangreindan veiðirétt stefndu. Var þannig skilningur stefnenda, að veiðiréttur fyrir landi stefndu tilheyrði Gíslastöðum einum, þar sem sala hlunninda undan jörðum væri ólögmæt. Þessum skilningi mótmæltu stefndu eindregið. Ekki tókst að jafna ágreining aðila og þann 15. maí 1986 óskuðu stefnendur eftir því með vísan til 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, að sýslumaður Árnessýslu dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að meta hver veiðiréttur í Hvítá skyldi fylgja Gíslastöðum og einnig hvaða umferðarrétt með ánni eigendur Gíslastaða ættu. Í matsgerð þeirra Friðgeirs Björnssonar og Árna Jónssonar, dagsettri 29. september 1986, segir m.a.: „Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970 (svo í matsgerð) má ekki skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, annan en stangveiðirétt, sem skilja má við landareign um tiltekið tímabil, þó ekki lengra en 10 ár nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því að leyfið sé veitt. Í 1. gr. laga nr. 76/1970 er ekki að finna skilgreiningu á því hvað orðið landareign merkir í lögnum. Í 1. gr. vatnalaga nr. 15/1932 (svo í matsgerð) er landareign skilgreind svo að hún sé land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Matsmönnum þykir eðlilegt að leggja þennan skilning til grundvallar við skýringu á því hvað sé landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaganna, en hvernig sem annars er á það litið, er tvímæla-

laust, að Gíslastaðir eru landareign í skilningi þessara laga. Það er hins vegar ekki jarðarpartur Jórunnar og Egils . . . Ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 76/1970 (svo í matsgerð) verður að skilja svo, að framsal þess veiðiréttar, sem kveðið er á um í afsalinu frá 29. maí 1974, hafi verið heimilt á sínum tíma og mátt standa til 29. maí 1984. Þetta tímabil er nú á enda runnið og leyfið hefur ekki verið endurnýjað lögum samkvæmt. Verður því að líta svo á að allur veiðiréttur í Hvítá fyrir landi Gíslastaða tilheyri jörðinni einni, en veiðiréttur sá, er kveðið er á um í afsalinu frá 29. maí 1974, sé nú niðurfallinn.“

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að matsmenn hafi lögum samkvæmt enga heimild haft til að framkvæma hið umbeðna mat. Þar sem umrædd matsgerð hafi verið markleysa og ógild frá upphafi hafi verið tilgangslaust með öllu að skjóta henni til yfirmats. Þá hafa stefndu mótmælt niðurstöðu matsgerðarinnar sem breinni fjarstæðu.

Þann 13. mars 1989 úrskurðaði fúðgetaréttur Árnassýslu, að krafa stefnenda um lögbann við veiði af hálfu stefndu í Hvítá fyrir því landi, sem þau eignuðust með afsalinu frá 29. maí 1974, skyldi ná fram að ganga. Var lögbannið formlega lagt á þann 6. júní 1989. Í gerðarbeiðni, sem er dagsett 16. nóvember 1988, segir, að framkvæmdastjórn eigenda Gíslastaða hafi þann 16. febrúar 1988 gert leigusamning við Stangaveiðifélag Reykjavíkur um veiðirétt handa félaginu í Hvítá fyrir landi Gíslastaða til næstu 8 ára. Veiði af hálfu Stangaveiðifélags Reykjavíkur hafi hafist í júní 1988. Síðan segir: „Brátt fór þá að bera á ítrekuðu ónæði fyrir veiðimenn af völdum skjólstaðinga Egils Marteínssonar, sem veiddu fyrir landi Egils og Jórunnar í leyfi þeirra, að því er þeir sögðu. Nokkru síðar kom Egill Marteínsson og einn einhverjir menn með honum og veiddu á stöng fyrir landi Egils og Jórunnar. Jafnframt bannaði Egill og stundum þeir, sem með honum voru, veiðimönnum stangaveiðifélagsins veiði fyrir þessu landi, sem þeir töldu félaginu óheimila og ólöglega. Veiðirétt fyrir téðri landspildu töldu þeir tilheyrja eigendum hennar.“

III.

Stefnendur byggja málsókn sína á þeirri niðurstöðu matsgerðar dómkvaddra matsmanna sem rakin er hér að framan. Þá er því haldið fram af hálfu stefnenda að þar sem stefndu hafi ekki skotið matsgerðinni til yfirmats séu þau bundin af niðurstöðu hennar.

Um lagarök vísa stefnendur til II. kafla laga nr. 76/1970, einkum 2., 3. og 4. gr., og 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Að öðru leyti vísa stefnendur til almennra reglna kröfuréttarins. Málskostnaðarkröfu sína segja stefnendur reista á 177. gr. laga nr. 85/1936.

Sýknukröfu sína í málinu byggja stefndu á því í fyrsta lagi, að það sé forn og ný réttarregla hér á landi, að hver maður eigi veiði fyrir landi sínu. Í afsalinu frá 29. maí 1974 sé skýrt kveðið á um það, að hinu selda landi fylgi veiðiréttur í Hvítá, enda hefði sérstaklega þurft að taka það fram ef ætlunin hefði verið að undanskilja hann. Framangreindu afsali hafi verið þinglýst athugasemdalaust og hafi stefndu nýtt sér þær heimildir, þar á meðal veiðiréttindi, sem þar er kveðið á um, greitt af réttindum sínum lögboðin gjöld, allt athugasemdalaust þar til stefnendur hafi tekið að gera ágreining um veiðiréttinn og leitt hafi til máls þessa.

Þá er á því byggt af hálfu stefndu, að matsgerð sú, sem stefnendur byggja málshöfðun sína á, sé ógild frá upphafi og því hafi enga þýðingu haft að skjóta henni til yfirmats. Matsmenn hafi talið með vísan til 94. gr. laga nr. 76/1970, að þeim væri heimilt að meta það, sem um var beðið. Samkvæmt beinu orðalagi þess lagaákvæðis sé það hlutverk matsmanna að leysa úr ágreiningi manna um jarðfræðileg eða landfræðileg atriði. Hlutverk þeirra sé ekki að leysa úr hreinum réttarágreiningi eins og hvernig háttað sé eignarrétti að veiði eða umferðarrétti um land.

Þá mótmæla stefndu framangreindri matsgerð dómkvaddra matsmanna sem rangri. Matsmenn byggi niðurstöðu sína m.a. á því, að land stefndu sé ekki landareign í skilningi lax- og silungsveiðilaga nr. 70/1976, en það séu Gíslastaðir tvímælalaust. Því til stuðnings vísa matsmenn til 1. gr. vatnalaga nr. 15/1923, en þar sé landareign skilgreind svo, að hún sé land lögbýlis og lóð og lönd innan kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Þar sem ekki sé að finna skilgreiningu á landareign í lögum nr. 76/1970, telji matsmenn rétt að miða við framangreinda skilgreiningu við skýringu á orðinu landareign í síðastnefndu lögunum. Þessari skýringu mótmæla stefndu harðlega, enda sé hún í andstöðu við almenna málvenju og þær skoðanir sem ríkt hafa hér á landi á þessu sviði til þessa. Benda stefndu á að Gíslastaðir geti vart talist lögbýli þar sem jörðin hafi verið í eyði í 44 ár. Þá eigi sú niðurstaða matsmanna, að framsal það, sem kveðið er á um í margnefndu afsali, verði að skýra sem framsal á stangveiðirétti til 10 ára, sem fallið hafi niður þann 29. maí 1984, sé ekki stoð í gögnum málsins og ekki verði því séð, á hvaða forsendum hún sé byggð. Séu þeir annmarkar, sem fram komi í matsgerðinni og raktir hafa verið hér að framan, slíkir, að þeir ónýti með öllu gildi hennar í máli þessu.

Þá leggja stefndu sérstaka áherslu á það, að einu málsástæður stefnenda í máli þessu séu þær, að matsmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að allur veiðiréttur tilheyri Gíslastöðum svo og umferðarréttur og að stefndu hafi ekki skotið matsgerðinni til yfirmats.

Um lagarök vísa stefndu til ákvæða vatnalaga nr. 15/1923, sérstaklega 16. gr. laganna, og einnig til ákvæða lax- og silungsveiðilaga, sérstaklega 1. mgr. 2. gr. þeirra laga. Málskostnaðarkröfu sína styðja stefndu við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936. Þá vísa stefndu í greinargerð sinni til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, að því er varðar vexti af málskostnaði.

V.

Samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði ber það undir matsmenn, sem dómkvaddir eru eftir fyrirmælum greinarinnar, að skera úr ágreiningi, sem risið hefur um ýmis nánar greind atriði í lögnum. Í máli því, sem hér liggur fyrir, er deilt um veiðirétt. Þykja ákvæði nefndrar greinar ekki taka til sakarefnis af því tagi. Ber úrlausn þess undir almenna dómstóla, og verður „matsgerð“ sú, er í máli þessu greinir, með engu móti lögð til grundvallar dómi í því.

Eins og áður greinir eignuðust stefndu spildu úr landi Gíslastaða með afsalsbréfi, dagsettu 29. maí 1974. Í afsalinu er svofellt ákvæði: „Veiðiréttur í Hvítá fylgir hinum selda jarðarhluta, sem nemur hálfri stöng, sem eru samkvæmt núgildandi veiðilögum og reglum 46 heilir stangarveiðidagar fyrir eina stöng.“

Með málsókn þessari leita stefnendur viðurkenningar dómsins á því, að vegna ákvæða 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970 sé veiðiréttur sá, sem kveðið er á um í framangreindu afsali, nú niður fallinn. Í nefndu ákvæði segir svo: „Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 5. mgr. 14. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má ekki vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.“

Bann við því að skilja rétt til fiskveiði í ám og vötnum frá landareign var fyrst lögleitt með ákvæðum 121. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Í 1. gr. laganna er landareign skilgreind sem land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða. Með 94. gr. laga nr. 61 frá 23. júní 1932 um lax- og silungsveiði var 121. gr. vatnalaga felld úr gildi, en hliðstætt ákvæði tekið upp í 2. gr. hinna nýju laga. Frá þeim tíma hefur efnislega samhljóða ákvæði um bann samkvæmt framansögðu verið í lögum um lax- og silungsveiði, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 112/1941, 4. tl. 2. gr. laga nr. 53/1957 og nú 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970. Orðið landareign hefur ekki verið skilgreint í þeim lögum. Aðdragandi umrædds banns í gildandi lögum og lögskýringargögn þykja hins vegar styðja þá niðurstöðu, að við skýringu á nefndu ákvæði lax- og silungsveiðilaga beri að leggja til grundvallar þá

merkingu orðsins landareign sem fram kemur í 1. gr. vatnalaga. Umræddu ákvæði er þannig nú sem áður ætlað að tryggja, að réttur til veiði skuli fylgja öðrum nytjum landsins og að ábúandi jarðar, sem hefur önnur landsnot hennar, njóti veiðinnar einnig.

Telja verður upplýst að allur búrekstur á Gíslastöðum hafi lagst af árið 1945 og hafi jörðin þá farið í eyði. Það er álit dómsins, að þá er umdeildum veiðirétti var afsalað til stefndu þann 29. maí 1974, hafi Gíslastaðir ekki verið landareign í skilningi 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970 og þar sem hagsmunir þeir, sem ákvæðinu er ætlað að tryggja samkvæmt framansögðu, hafi þá ótvírætt ekki verið fyrir hendi. Hvað sem öðru líður fór ráðstöfun veiðiréttarins þannig ekki í bága við greint ákvæði. Er sérstaklega til þess að líta að ákvæðið felur í sér skerðingu á eignarráðum landeiganda sem skýra verður þröngt.

Samkvæmt þessu ber með öllu að sýkna stefndu af dómkröfum stefnenda í máli þessu. Í því felst að synjað er um staðfestingu á lögbannsgerð fógetaréttar Árnassýslu frá 6. júní 1989.

Eftir þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir til að greiða stefndu 7.000,00 krónur hver í málskostnað, enda hafa stefndu ekki krafist málskostnaðar in solidum samkvæmt 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu. Stefnendur verða ekki dæmdir til að greiða dráttarvexti af málskostnaði þar sem skýr krafa þar um kom ekki fram undir rekstri málsins, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Porgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Egill Marteinsson og Jórunn Jónsdóttir, eiga í máli þessu að vera sýkn af kröfum stefnenda, Puríðar J. Sörensen, Guðrúnar S. Jónsdóttur, Bryndísar Jónsdóttur, Halldórs Ó. Jónssonar, Karls J. Eiríkssonar, Þórðar Jónssonar, Gunnlaugs J. Briem, Steindórs J. Briem, Soffíu S. Briem, Sveins Skúlasonar, Gunnlaugs Skúlasonar, Páls Skúlasonar, Gunnlaugs P. Steindórssonar, Önnu Soffíu Steindórsdóttur, Sigurðar Ingasonar, Gunnlaugs J. Ingasonar, Sigurjóns Á. Ingasonar og Soffíu Ingadóttur.

Stefnendur greiði stefndu 7.000,00 krónur hver í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.